

7. gr.

Fylgi leyfishafi ekki settum reglum um aðbúnað og meðferð búfjárins má afturkalla leyfi til búfjárhalds að undangenginni aðvörun.

Hvern þann búfénað sem sleppur úr vörslu skal taka hvar sem til hans næst og færa í örugga vörslu, sem eftirlitsmaður sveitarstjórnar sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem tjón og kostnað við handsömun. Hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds í Bíldudalshreppi.

Við ítrekað brot á þessum reglum missir leyfishafi rétt til búfjárhalds og verður gripum jafnframt ráðstafað í samræmi við 11. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

8. gr.

Til að framfylgja samþykkt þessari skal Bíldudalshreppur skipa eftirlitsmann, einn eða fleiri, sem annast eftirlit með húsakosti, ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun, hirðingu og vörslu hreppslandsins. Auk forðagæslu og vörslu lands skal búfjárefirlitsmaður halda skrá um búfjáreigendur og fjölda búfjár af einstökum tegundum.

Heimilt er að innheimta leyfisgjald af búfé utan lögbýla til að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjárefirlit. Skiptist það í grunngjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers leyfisshafa. Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir leyfisgjöld.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Bíldudalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. október 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Svínavatnshrepps 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 2. nóvember 1993 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Svínavatnshrepps 1992-2012.

Frestað er skipulagi á veglínu frá Reykjabót að Svínvetningabraut. Einnig nær staðfestingin ekki til marka sveitarfélags í óbyggðum.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svínavatnshrepps og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 3. nóvember 1993.

Össur Skarphéðinsson.

Hrafn Hallgrímsson.